

Lögreglan á Vestfjörðum
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

11. jan. 2017

Efni: Kæra vegna sleppingu regnbogasilungs

Ég rita þetta bréf f.h. umbj. míns, Landssambands veiðifélaga, kt. 640374-0129, og óska þess hér með að hafin verði opinber rannsókn á því hvort framin hafi verið refsiverð brot á 22. gr. laga nr. 71/2008 vegna sleppinga á regnbogasilungi.

Undanfarna mánuði hefur svokallaður regnbogasilungur komið víða fram í veiðum um norðan- og vestanvert landið. Hefur silungurinn m.a. veiðst í ám við Húnaflóa og Faxaflóa og hefur umbj. minn staðfestar upplýsingar um að mikið sé af silungnum í flestum ám á Vestfjörðum, svo sem í Tálknafirði, Patreksfirði, Arnarfirði og Dýrafirði. Þá hefur silungurinn veiðst í Vatnsdalsá, Haffjarðará og Hítará á Mýrum.

Silungur af þeirri tegund sem um ræðir er ekki talinn geta fjölgað sér eða náð bólfestu í ám á Íslandi. Telur umbj. minn það því hafið yfir allan vafa að mikið magn af regnbogasilungi hafi sloppið úr eldisstöð á þessu ári. Í ljósi þess magns sem um ræðir sé ljóst að silungurinn hafi strokið úr sjókvíaelði og þá að líkum í þeim landshluta sem um ræðir. Engar tilkynningar hafa borist til Fiskistofu um slíka slyssaleppingu og hefur Matvælastofnun hafið opinbera rannsókn á málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi er eingöngu heimilt að nýta kynbættan eldisfisk til fiskeldis og óheimilt að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna eru flutningar og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrognna milli ótengdra vatnssvæða óheimilar. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. skal rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er rekstrarleyfishafa skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa til þess að varna því að atburðurinn valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni.

Skv. 22. gr. laganna varðar það refsíabyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa:

- a) ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem fram hefur verið að ásetningi eða gáleysi,
- b) ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna af ásetningi eða gáleysi,

- c) ef fiskeldisstöðvar gefa ekki lögboðnar skýrslur um starfsemi sína eða veita eftirlitsmönnum rangar upplýsingar,
- d) ef fiskeldisstöðvar gerast að öðru leyti brotlegar gegnum ákvæðum laganna.

Umbj. minn kærir hér með umrædda sleppingu á regnbogasilungi í þær ár þar sem silungurinn hefur veiðst eða kemur til með að veiðast enda sé um að ræða brot á 19. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 71/2008 og fer fram á opinbera rannsókn á málinu sbr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Með hliðsjóna af dreifingarsvæði regnbogasilungsins og þess að eldi hans hefur verið stundað á Vestfjörðum, t.d. hjá Dýrfiski (Arctic Fish) í Dýrafirði, þykir rétt að beina kæru þessari til Lögreglunnar á Vestfjörðum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

f.h. Landssambands veiðifélaga



Reimar Pétursson hrl.